

Fimmtudaginn 28. febrúar 1980.

Nr. 202/1978. **Bragi Þór Stefánsson**

(Kristinn Einarsson hrl.)

gegn

Málningu h/f og

(Brandur Brynjólfsson hrl.)

Unnsteini Beck skiptaráðanda

f. h. þrotabús Breiðholts h/f

(enginn).

Fjárnámsgerð úr gildi felld. Dómssátt. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson, Gaukur Jörundsson prófessor og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Afrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 21. nóvember 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. nóvember 1978. Hann gerir þær dómkröfur, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi að því er varðar íbúð að Krummahólum 6 í Reykjavík, 1. hæð, sem merkt er DE. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndi Málning h/f krefst staðfestingar á fjárnámsgerðinni og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Bú Breiðholts h/f var tekið til gjaldprotaskipta 5. janúar 1979. Hefur þrotabúið tekið við aðild málsins. Krefst það sýknu af kröfu áfrýjanda um málskostnað, en gerir að öðru leyti engar kröfur í máli þessu.

I.

Hinn 10. janúar 1978 var tekin fyrir í fógetarétti Reykjavíkur gerðarbeiðni stefnda Málningar h/f, þar sem þess var beiðst, að kyrrsettar yrðu eignir Breiðholts h/f til tryggingar nánar tilteknum kröfum. Var þá skráð í þingbók svofelld bókun:

„Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 — 7 víxla, samþykkt af gerðarþola.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Brandur Brynjólfsson hrl. og krefst löghalds fyrir kr. 4.857.886,- með 3% mánaðav. af kr. 590.594,- frá 15/9 s. l. til 12/10 s. á., af kr. 1.788.387,- frá þ. d. til 15/11 s. á., af kr. 2.688.387,- frá þ. d. til 1/12 s. á., af kr. 3.683.905,- frá þ. d. til 10. jan. 1978, af kr. 4.257.886,- frá þ. d. til 15. jan. s. á., og af kr. 5.587.886,- frá þ. d. til greiðsludags, kr. 10.660,- í stimpilgjald, málskostnaður skv. gjaldskrá L.M.F.I., kr. 5.000 fyrir beiðni kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi staðfestingarmál og fullnustugerðin (sic), ef til kemur.

Fyrir gerðarþola er mættur Sigmundur Helgason, gjaldkeri og prókúruhafi gerðarþola.

Með aðilum varð svofelld sátt:

Gerðarþoli lofar að greiða löghaldskröfurnar fyrir 1. febrúar 1978 til gerðarbeiðanda. Greiðslustaður er skrifstofa Brands Brynjólfssonar hrl., Baldursgötu 12.

Sátt þessi er aðfararhæf.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar. Gerðinni lokið“.

Hinn 24. febrúar 1978 sendi Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður yfirborgarfégetanum í Reykjavík svofellda fjárnámsbeiðni:

„Jafnframt því að senda yður, hr. yfirborgarfégeti, hjálagða réttarsátt í fógetaréttarmálinu nr. C-3/1978: Málning h.f. gegn Breiðholti h.f., leyfi ég mér að beiðast þess, að fjárnám verði gert í eignum sáttarþola til tryggingar greiðslu kr. 4.857.886 með 3% mánaðarvöxtum af kr. 590.594 frá 15/9 s. l. til 12/10 s. á., af kr. 1.888.387,- frá þ. d. til 15/11 s. á., af kr. 2.688.387,- frá þ. d. til 1/12 s. á., af kr. 3.683.905 frá þ. d. til 10/1 1978, af kr. 4.257.886,- frá þ. d. til 15/1 s. á. og af kr. 4.857.886,- frá þ. d. til greiðsludags, kr. 10.660,- í stimpilgjöld, kr. 319.710,- í málskostnað, kr. 5.000,- fyrir beiðni í löghaldsmáli, kr. 50.600,- í réttargjöld, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi fullnustugerðir.

Gerðin fari fram á ábyrgð Málningar h.f.“

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður kaupsamningur, dagsettur 18. ágúst 1975, þar sem Breiðholt h/f selur áfrýjanda íbúðina DE á 1. hæð í húsinu nr. 6 við Krummahóla. Kaup-

samningur þessi var afhentur til þinglýsingar 15. nóvember 1978. Þá hefur verið lagt fyrir Hæstarétt vottorð Sigmundar R. Helgasonar, er sótti þing af hálfu Breiðholts h/f við fjárnámið, og segir svo í vottorði þessu, sem er dagsett 12. september 1978:

„ . . . Mér var uppálagt að benda á bifreiðina Y 5026, sem er af Henschel árgerð 1970, og ekkert annað. Lögmaður gerðarbeiðanda spurði, hvort ég gæti ekki bent á einhverjar íbúðir, sem Breiðholt væri þingl. eigandi að. Ég benti á, að Breiðholt ætti engar íbúðir, þó nokkrar væru enn á nafni Breiðholts, þar sem afsöl hefðu ekki verið gefin út ennþá, en þessar íbúðir allar í eigu einstaklinga. Þá fékk lögm. gerðarbeiðanda uppgefin hjá starfsstúlku fógeta númer íbúða í Krummahólum 6, sem enn voru á nafni Breiðholts. Þá tók ég skýrt fram, að ég hefði enga heimild til þess að benda á þessar íbúðir og mótmælti þessu við ftr. fógeta. Lögmaður gerðarbeiðanda sagðist þá mundu notfæra sér heimild í lögum til þess einhliða að benda á þessar íbúðir . . .“.

Sigmundur hefur staðfest vottorð þetta fyrir dómi, og er ekki vefengt af hálfu stefnda Málningar h/f, að þar sé rétt frá greint.

II.

Afrýjandi reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að sátt sú, er lögð var til grundvallar fjárnáminu, sé þannig úr garði gerð, að hún hafi ekki verið löglegur aðfarargrundvöllur. Í öðru lagi hafi stefnda Málningu h/f verið kunnugt um, að Breiðholt h/f var ekki eigandi íbúðarinnar. Loks hafi sá fulltrúi yfirborgarfógeta, er fjárnámið framkvæmdi, ekki gætt leiðbeiningarskyldu sinnar.

Stefndi Málning h/f heldur því fram, að hin umrædda sátt sé gild aðfararheimild og að fógeti hafi gætt leiðbeiningarskyldu sinnar, þótt ekki væri það fært til bókar. Ekki skipti heldur máli, hvort Málning h/f var grandlaus um hinn óþinglýsta eignarrétt eða ekki.

III.

Sátt er löglegur aðfarargrundvöllur með hliðstæðum hætti

og dómur, sbr. 16. og 19. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að vanda frágang sáttar bæði um form og efni. Í samræmi við 19. gr., sbr. 15. gr., sömu laga skal rita bókun um sátt skýrt og greinilega í þingbók. Samkvæmt þessu verður hin bókaða sátt að geyma í sjálfu meginmáli sínu skýra og tæmandi greinargerð fyrir skyldum þeim, sem fullnægja má með aðför, sbr. til hliðsjónar 193. gr. laga nr. 85/1936. Er ófullnægjandi í þeim efnum að vísa til bókana um önnur atriði. Af bókun um sátt þá, sem í máli þessu greinir og áður hefur verið rakin, verður ekki sjálfstætt ráðið, hvers efnis sáttin sé, þar sem þar er látið sitja við tilvísun til kröfugerðar löghaldsbeiðanda fyrir fógetarétti. Auk þess er þess að gæta, að tilvísun þessi getur ekki átt við kröfugerðina í heild og að um tiltekin atriði er kröfugerðin ekki ákveðin, en meðal annars var krafist „ . . . málskostnaður skv. gjaldskrá L.M.F.Í., kr. 5000,- fyrir beiðni kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi staðfestingarmál og fullnustugerðin, ef til kemur.“ Af þessum sökum var sáttin ekki þannig úr garði gerð, að hún væri viðhlitandi grundvöllur aðfarar. Ber því að ómerkja hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og
Sigurgeirs Jónssonar.**

Við erum sammála því, sem segir í I.—II. kafla atkvæðis meiri hluta dómara.

Sátt sú, sem er grundvöllur hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar, er að vísu ekki svo vel úr garði gerð, sem æskilegt væri. Ekki verður samt talið, að á henni séu slíkir annmarkar, að þeir girði fyrir, að hún sé lögmætur aðfarargrund-

völlur, að öðru leyti en að því er varðar „málskostnað“. Fjárhæð hans er ekki tiltekin, og verður fjárnám því ekki gert fyrir honum. Eignarrétti áfrýjanda að íbúð þeirri, sem í málinu greinir, hafði ekki verið þinglýst, er fjárnáminu var þinglýst, sbr. 2. mgr. 46. gr. laga nr. 19/1887, sbr. nú lög nr. 69/1978, og vikur hann því fyrir fjárnámi skuldheimtumanns Breiðholts h/f, en ekki skiptir máli, hvort stefndi Málning h/f var grandlaus um hinn óþinglýsta eignarrétt. Ekki er sýnt fram á, að fulltrúi yfirborgarfógeta hafi vanrækt leiðbeiningarskyldu sína þannig, að réttarspjöllum hafi valdið fyrir áfrýjanda, sem ekki var viðstaddur gerðina og átti þess ekki kost að gæta þar réttar síns. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að þeir annmarkar séu á fjárnámsgerðinni, að ómerkingu varði. Þer því að staðfesta hana að öðru leyti en um málskostnað, 319.710 krónur, sbr. það, sem áður segir, og kostnað „við löghald kr. 55.000-“, þar sem engin kyrrsetning var gerð.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest nema fyrir málskostnaði, 319.710 krónum, og kostnaði við löghald, 55.000 krónum.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 10. mars 1978.

Ár 1978, föstudaginn 10. mars, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skólavörðustíg 11 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-517/1978: Málning h/f gegn Breiðholti h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 sátt fógetaréttar Reykjavíkur í málinu C-3/1978. Nr. 1 og 2 fylgja með í ljósriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 4.857.886 með 3% mánaðarvöxtum af kr. 590.594 frá 15. september sl. til 12. október s. á., af kr. 1.788.387 frá þeim degi til 15. nóvember s. á., af kr. 2.688.387 frá þeim degi til 1. desember s. á., af kr. 3.683.905 frá

þeim degi til 10. janúar 1978, af kr. 4.257.886 frá þeim degi til 15. janúar s. á. og af kr. 4.857.886 frá þeim degi til greiðsludags, í endurritskostnað kr. 300, kr. 10.660 í stimpilkostnað, kr. 319.710 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 5.000 fyrir gerðarbeiðni, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, auk kostnaðar við löghald, kr. 55.000.

Fyrir gerðarpola er mættur Sigmundur Helgason. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarpola, bifreiðinni Y 5026, sem er Henschel, árgerð 1970, og íbúðum að Krummahólum 6, 1. hæð, annarri merktri J og hinni merktri DE.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarpola frá fjárnáminu/löghaldinu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 29. febrúar 1980.

**Nr. 59/1978. Menntamálaráðherra og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Skúli Pálsson hrl.)

gegen

Þórshöll h/f

(Hjörtur Torfason hrl.).

Skemmtanaskattur. Menningarsjóðsgjald. Endurgreiðslukrafa. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson, Gaukur Jörundsson prófessor og Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari.

Afrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. mars 1978. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í mál-